

FLOKKUN TIL FRAMTÍÐAR

í Bolungarvík



Bolungarvíkurkaupstaður



Til íhugunar

- Um 91% Íslendinga flokka úrgang til endurvinnslu
 - 19% flokka alltaf
 - 37% flokka oft
 - 35% flokka stundum eða sjaldan

(Úr könnun Capacent Gallup fyrir úrvinnslusjóð í sept 2008)

- Endurnýting umbúða skal vera 60% til 85% á árunum 2012-2020

(Úr landsáætlun Umhverfisstofnunar)

- Jólappír Breta um síðustu jól hefði þakið alla Guernsey (Ermasundseyja) sem er 82 km² að stærð! Hve stóra eyju skyldi jólappír Íslendinga geta þakið?
- Endurvinnsla á 20 tveggja lítra gosdrykkjarflöskum úr plasti dugar til framleiðslu á einni meðalflíspeysu
- Urðun á hverju tonni af pappír krefst þriggja rúmmetra rýmis á urðunar- stað og veldur miklum gróðurhúsa-lofttegundum
- Endurvinnsla á hverju tonni af pappír sparar u.þ.b. 4000 kWh af raforku miðað við venjulega framleiðslu pappírs. Þetta er álíka mikið og meðalheimili í Bolungarvík notar af rafmagni á hverju ári

- Það er umhverfisvænna að safna pappa og plasti frá íbúðarhúsnæði en að láta fólk skila því á grenndarstöðvar

(Vistferilsgreining fyrir plast- og pappaubúðir í heimilissorpi á vegum Úrvinnslusjóðs, apríl 2006)

- Útstreymi gróðurhúsa-lofttegunda frá úrgangi má að mestu leyti rekja til þess að hauggas frá loftfirrtu niðurbroti lífræns úrgangs losnar út í andrúmsloftið við urðun. Að auki losnar koldíoxíð við brennslu úrgangs. Helstu leiðir við að minnka þetta útstreymi eru þær að draga úr myndun úrgangs, minnka urðun og auka þess í stað m.a. endurvinnslu og jarðgerð. Þessar aðgerðir geta dregið úr útstreymi um allt að 9%

(Úr skýrslu Umhverfissráðuneytis árið 2009 sem nefnist: "Möguleikar til að draga úr nettóútstreymi gróðurhúsa-lofttegunda á Íslandi, niðurstöður sérfræðinganefndar")

- Gott líf felst í því að gera þá hluti vel sem maður getur gert vel

(Aristóteles)



**Gámabjónusta
Vestfjarða ehf**

BÆTT UMhverfi - BETRI FRAMTÍÐ

Ávarp bæjarstjóra

Flokkun og endurnýting – allra hagar



Flokkun sorps er lykilatriði í góðri umgengni við náttúruna. Með því að flokka sorp er sorpurðun haldið í algjöru lágmarki á sama tíma og dregið er úr sóun hráefna með endurnýtingu þeirra. Flokkunarferlið hefst á heimilinu og þar er mikilvægt að allir taki þátt. Öll endurvinnsla sorps er ódýrari valkostur fyrir sveitarfélagið og þar með íbúana, en urðun á viðurkenndum urðunarstað. Í endurvinnanlegu sorpi felast verðmæti. Verðmætin felast í því að hægt er að endurnýta sorpið til nýrra hluta sem oft eru óskyldir þeim upphaflega. Þekkt dæmi úr daglega lífinu eru dagblöð og eggjabakkar.

Ákveðið hefur verið að fara þá leið hér í Bolungarvík að setja endurvinnslutunnu við hvert hús, ásamt tunnu fyrir almennt sorp. Reynslan sýnir að íbúar, sem í raun

gegna lykilhlutverki við góða flokkun sorps, eru mun líklegri til að skila vel flokkuðu sorpi ef þeir geta losað sig við það strax við útidyr heimilisins. Hafa ber í huga að reiknað er með að í endurvinnslutunnuna fari eingöngu þurr og „hreint“ sorp. Því ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að geyma hana inni við þar til á losunardegi ef fólk kys. Þótt endurvinnslutunnan sé aðeins ein, þá er reiknað með að í henni sé hægt að vera með 7 flokka úrgangs. Dagblöð, tímarit, pappír og pappi af ýmsu tagi er settur beint í tunnuna en annað er aðskilið með því að setja það í glæra plastpoka.

Endurvinnslutunnan verður losuð einu sinni í mánuði, en tunnan fyrir almenna sorpið verður losuð á 14 daga fresti. Síðar meir er reiknað með að flokka það sorp frá sem hentar til moltugerðar, en almenna sorptunnan gerir beinlínis ráð fyrir slíkum möguleika.

Með aukinni flokkun og endurnýtingu á sorpi hafa Bolvíkingar skipað sér á bekk með þeim sveitarfélögum á Íslandi sem setja umhverfið í fyrsta sæti.

Elías Jónatansson,
bæjarstjóri í Bolungarvík



Endurvinnslutunnan

Í Endurvinnslutunnuna má setja eftirfarandi flokka:

Sett laust og beint í tunnuna:



Dagblöð og tímarit



Skrifstofupappír, bæklingar, umslög og ruslpóstur.



Sléttur pappi/bylgjupappi s.s. hreinir pizzukassar og morgun-kornspakkar,

Í hólfíð má setja í glærum pokum hvern flokk fyrir sig:



Málmur s.s. niðursuðudósir og lok af glerkrúkkum.



Fernur, skolaðar og samantrottnar.



Plastumbúðir s.s. sjampóbrúsar, plastdósir og plastpokar.



Rafhlöður í sérmerktum bláum plastpokum



Endurvinnslutunnan er losuð einu sinni í mánuði.

Losunardaga má finna á www.bolungarvik.is og www.gamarvest.is.

Eftirfarandi fylgir endurvinnslutunnunni:

Með Endurvinnslutunnunni fylgir kassi til söfnunar á pappír innanhúss, kassi og bláir pokar fyrir rafhlöður.

Það er nauðsynlegt að rétt sé flokkað í tunnurnar svo að efnin skili sér þurr og hrein til endurvinnslu.

Almennt heimilissorp

Í almennu tunnuna með gráa lokinu má setja:

Allan almennan heimilisúrgang, matar-leifar, kaffikorg, matarsmitaðan pappír og plast, samsettar umbúðir (áleggsbréf, ostabox, tannkremstúpur og fleira). Einnig glerlát, ryksugupoka, bleiur og annan úrgang sem inniheldur vatn.

Almenna tunnann verður losuð á tveggja vikna fresti.

Sjá losunaráætlun á www.bolungarvik.is og www.gamarvest.is.

Hafa ber í huga að staðsetja tunnur sem næst lóðarmörkum á losunardegi svo starfsmenn Gámaþjónustu Vestfjarða hafi greiðan aðgang að tunnunum og geti dregið þær að bíl án hindrunar.

Moka þarf snjó frá tunnunum.





Endurvinnslustöðin við Áhaldahúsið í Bolungarvík

Opnunartíma Endurvinnslustöðvar má finna á www.gamarvest.is og á www.bolungarvik.is

Endurvinnslustöðin tekur við afskráðum bifreiðum og gefur út skilavottorð fyrir bifreiðaeigendur.

Lyfjaafgöngum skal skilað til lyfjaverslana.



Spilliefni

Spilliefni önnur en rafgeymar flokkist í sérmerkt ker á svæðinu



Nytjahlutir

Nytjahlutir, skiptimarkaður íbúa með húsgögn og fleira.



Raftæki

Raftæki/Rafeindatæki



Gler og postulín

Gler og postulín

Til förgunar og endurvinnslu er flokkað í:



Timbur

Timbur



Málma

Málma og brotajárn þ.m.t. bifreiðar



Garðaúrgangur

Garðaúrgangur



Dagblöð og tímarit

Dagblöð, tímarit og auglýsingapésa



Byggingapappi

Pappa



Fernur

Fernur



Kælitæki

Kælitæki



Hjólbarða

Hjólbarða



Rafgeyma

Rafgeyma



Þít og klæði

Rauði krossinn, tekur við fatnaði til endurnýtingar



Skilgagnsdykkjar

Móttaka drykkjarvöruumbúða með skilgagnaldi.

Flokkum til framtíðar!

Ábyrg og örugg endurvinnsla

eru einkunnarorð Gámapjónustunnar og dótturfélaga hennar um allt land. Við notum þau til að fullvissa viðskiptavinum okkar um áreiðanleika við afsetningu endurvinnsluefna og ábyrgjumst að flokkað efni frá heimilum og fyrirtækjum fari í réttan farveg til endurvinnslu. Til dæmis er innihald Endurvinnslutunnunnar handflokkað á færibaldi og hver flokk-



ur fyrir sig síðan pressaður í bagga og settur í gám til útflutnings. Þaðan fara efnin síðan til endurvinnslufyrirtækja sem nýta þau í ýmiss konar framleiðslu.

Ekki leikur nokkur vafi á því að kröfur um flokkun eiga enn eftir að aukast á næstu árum. Verum í fararbroddi með Gámapjónustu Vestfjarða í þeirri þróun.

BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Skápalausnir • Söfnunarílát



Passar fyrir kórflu

ÁSINN

2x10 l. á sleða + karfa
Mál: 25 x 38/35 cm.



TVISTURINN

2x18 l. á sleða
Mál: 31 x 46/36 cm.



PRISTURINN

2 x 14 l. + 1 x 8 l. á sleða
Mál: 31 x 46/36 cm.



FJARKINN

4 x 10 l. á 2 sleðum
Mál: 50 x 38/35 cm.



KARFAN


1 x 8 l. fyrir lífræna söfnun.
Passar með Ásnum og Fjarkanum
Mál: 18 x 22/22



**Gámapjónusta
Vestfjarða ehf**

BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Góuholt 14 • 400 Ísafjörður
Sími: 456 3710 • Fax: 456 5157
ragnar@gamarvest.is
www.gamarvest.is



Setjum umhverfið í fyrsta sæti



Bolungarvíkurkaupstaður

Sími: 450-7000 • Fax: 450-7009
bolungarvik@bolungarvik.is
www.bolungarvik.is
Opnunartími: 09 - 15



**Gámaþjónusta
Vestfjarða ehf**

BÆTT UMHVÆFI - BETRI FRAMTÍÐ

Góuholt 14 • 400 Ísafjörður •
Sími: 456 3710 • Fax: 456 5157 •
vestfirdir@gamar.is
www.gamarvest.is